# Námsáætlun 5. bekkur

Hönnun og smíði

# Hönnun og smíði 5. bekkur

**Tímar á viku: 6**

## Kennsluaðferðir og skipulag.

**Leiðir:** Kennt í 6 vikna lotum 3x í viku, tvær kennslustundir í senn.

Innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, einstaklingsvinna, samvinna, sköpun

| Hæfniviðmið | Viðfangsefni | Námsefni | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Nemandi getur:**<br>-Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki<br>-Sýnt fram á skipulögð og vönduð vinnubrögð<br>-Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni og kunna skil á helstu verkfærum<br>- Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá | -Hönnun og smíði fjölbreytilegra verkefna<br>-Nemendur hanna hlut út frá gefinni forskrift sem byggist á ákveðinni virkni, lausn, útlit og teikna tvívíða mynd | Sýnishorn og kennslubækur smíðastofunnar<br>Myndasafn og netmiðlar | Símat:<br>- Verkefni<br>- hegðun<br>- viðhorf<br>- vinnusemi<br>- samvinna<br>- samskipti<br>- sköpun<br>- umgengni |

Hönnun og smíði

| | | | |
|---|---|---|---|
| hugmynd að lokaafurð<br>-Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum<br>-Notað réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað | | | |

## Grunnþættir menntunar.

| **Grunnþáttur** | **Áhersluþættir grunnþátta menntunar** |
|---|---|
| Læsi: | leggur áherslu á að geta farið eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum, skilji þau fyrirmæli sem lögð eru fyrir hverju sinni og sé læs á ákveðna verkferla<br>les í umhverfið og gerir sér grein fyrir rýmisnotkun<br>getur tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt og notað rétt hugtök<br>nýtir sér einfaldar leiðbeiningar og les í vinnuumhverfi sitt<br>getur sagt frá eigin leiðum í vinnuferli<br>lærir í gegnum félagsleg tengsl og samskipti og þróar með því læsi í víðum skilningi |
| Sjálfbærni: | tekur ábyrgð á sjálfum sér, umhverfi og samskiptum<br>fær þor til að taka þátt í listviðburðum og vera þátttakandi í samkomum á félagslegum grunni |

## Hönnun og smíði

| | |
|---|---|
| | sér tækifæri og möguleika sem liggja í að flokka og endurnýta efni<br>nýtir efnivið á ábyrgan hátt<br>sækir efnivið í nánasta umhverfi til að vinna úr<br>gengur af virðingu og ábyrgð um vinnusvæði sitt |
| Heilbrigði og velferð: | beitir réttri líkamsstöðu<br>nýtir hreyfingu til að auka þol og styrk<br>beitir áhöldum og tækjum greinanna á ábyrgan og réttan hátt<br>er meðvitaður um réttar vinnustellingar og örugga umgengni á vinnusvæði<br>sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp<br>tekur þátt í samvinnuverkefni<br>tileinkar sér mikilvægi hreinlætis |
| Lýðræði og mannréttindi: | velur með leiðsögn verkefni sem henta hverju sinni<br>velur og notar á réttan hátt áhöld og tæki sem henta viðfangsefnum hverju sinni<br>rökstyður val á leiðum í vinnuferli<br>tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu<br>getur valið og notað ólíkar aðferðir við útfærslu verkefna sinna |
| Jafnrétti: | ræktar hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum |

Smáraskóli

Hönnun og smíði

| | |
|---|---|
| | fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi<br>tekur tillit til skoðana annarra<br>tekur þátt án fordóma<br>velur verkefni við hæfi og aðlagar að sínu áhugasviði<br>vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokalausnar<br>kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð<br>gerir sér grein fyrir margvíslegum tilgangi listarinnar í samfélaginu |
| Sköpun: | fær tækifæri til að tjá sig og nýta hæfileika sína í listsköpun<br>þróar og vinnur með eigin hugmyndir, greinir og leitar lausna<br>nýtir aðferðir og tæki á fjölbreyttan og skapandi hátt<br>notar ímyndunarafl, frumkvæði og hæfileika til að skapa afurð |